

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 50/2004**

**frá 23. apríl 2004**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2004 frá 19. mars 2004 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1614/2002 frá 6. september 2002 um aðlögun á reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 58/97 að efnahagslegri og tæknilegri þróun og um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2700/98, (EB) nr. 2701/98 og (EB) nr. 2702/98 <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 58/97):  
„- **32002 R 1614**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1614/2002 frá 6. september 2002 (Stjtið. EB L 244, 12.9.2002, bls. 7).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 1a (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2700/98), lið 1b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2701/98) og lið 1c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2702/98):  
„, eins og henni var breytt með:  
- **32002 R 1614**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1614/2002 frá 6. september 2002 (Stjtið. ESB L 244, 12.9.2002, bls. 7).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1614/2002, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. apríl 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 127, 29.4.2004, bls. 144 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 22, 29.4.2004, bls. 21.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EBL 244, 12.9.2002, bls. 7.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. apríl 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

*P. Westerlund*

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

*Ø. Hovdkinn*                      *M. Brinkmann*